


Deiliskipulag Kvosarinnar, samþykkt 01.10.1987 með breytingum á Ingólfstorgi (21.05.'96), Grófinni (05.11.'02), Vesturgötu 2 og 2a (07.02.'08), Hafnarstrætisreit, (23.02.'17) og Steinbryggju, miðbæjartogi 10.01.'19). mkv. 1:1000



Tillaga að breyttu deiliskipulagi Kvosarinnar, 12. desember 2019, mkv. 1:1000



Skýringarmynd - Kvosarskipulag



Hluti úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 - staðsetning breytingar.

### GREINARGERÐ MEÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

Gildandi er deiliskipulag Kvosar sem samþykkt var 1. október 1983, með breytingum á Ingólfstorgi (21.05.'96), í Grófinni (05.11.'02), Vesturgötu 2 og 2a (07.02.'08), á Hafnarstrætisreit (23.02.'17) og á steinbryggju, miðbæjartorgi (10.01.'19). Gerð er breyting á deiliskipulagi vegna gatnaumhverfis Tryggvagötu, þar sem stærri hluti götu er nú tekin undir gangandi vegfarendur.

Svæðið sem breytingin tekur til nær eftir Tryggvagötu frá gatnamótum Grófarinnar í vestri að Pósthússtræti í Austri, auk lóðar Tollhússins, Tryggvagötu 19. Stærð svæðisins er um 1 ha.

Þá er lóðarmörkum tollhússins eins og þau eru sýnd á lóðarblaði frá 4. júní 1993 breytt. Lóðarmörk til vesturs eru óbreytt en eftir breytingu miðast lóðarmörk til suðurs og austurs við húsvegg og til norðurs við þakbrún svo gangstéttar falli að mestu utan lóðar. Fyrir breytingu var stærð lóðarinnar 5400 m<sup>2</sup> og eftir breytingu verður lóðin 4616 m<sup>2</sup>. Breyting á lóðarmörkum Tollhússins skarast að óverulegu leyti inn á aðliggjandi deiliskipulag Austurhafnar, samþykkt 18.05.'06 (með nokkrum áorðnum breytingum).

Á svæðinu sem breytingin nær til verða eingöngu heimil 3 bílastæði fyrir hreyfihamlaða og 1 þjónustustopp fyrir rekstraraðila í Tryggvagötu. Auk þess eru 7 bílastæði á lóð tollhússins, Tryggvagötu 19. Nægur fjöldi almennra bílastæða er í nýjum bílakjallara Austurhafnar.

Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulags Kvosarinnar, samþykkt í borgarráði 1. október 1983.

### SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Mörk deiliskipulags Kvosarinnar, skv. br. 26.05.'15.
- Mörk deiliskipulags Austurhafnar
- Mörk breytinga sem samþykktar hafa verið á deiliskipulagi Kvosar
- Torgsvæði / göngugötur
- Takmarkaður akstur
- Stæði hreyfihamlaðra / þjónustustopp sýnd til skýringar (leiðbeinandi staðsetning) /
- Lóðarmörk Tryggvagötu 19:
  - Ný lóðarmörk
  - Lóðarmörk óbreytt
  - Lóðarmörk felld út

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í borgarráði þann 27. janúar 2020 og á samb. afg. f. skipulagsfulltrúa þann 20. mars 2020.

Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 með athugasemdafresti til 13. mars 2020.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðnda þann 20. mars 2020.



### KVOSARSKIPULAG

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu gatnaumhverfis Tryggvagötu og lóðarmarka Tollhúss, Tryggvagötu 19.

